

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 398/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

Veidifélagi Rangæinga.

Kærumál. Lögbann. Veidifélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. september sl., en sú kæra var boðuð á dómþingi í fúgetarétti Rangárallasýslu 16. s.m. Gerir hann þær dómkröfur, að úrskurðað verði, að sér sé ekki nauðsynlegt að leggja fram tryggingu, áður en beiðni sín um lögbann á hendur varnaraðila verði tekin til meðferðar í fúgetarétti Rangárallasýslu, en að öðrum kosti verði lækkuð fjárhæð þeirrar tryggingar, er fúgeti hafi ákvarðað. Jafnframt verði lagt fyrir fúgeta að taka lögbannsbeiðni sína fyrir og reka síðan málið með eðlilegum hraða. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila, sem ekki var mættur við þinghöld í fúgetarétti fyrr en eftir, að trygging var úrskurðuð, hafa ekki komið fram kröfur né greinargerð.

Dómari málsins í fúgetarétti Rangárallasýslu, Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumanns, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar í samræmi við 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Með bréfi til sýslumannsins í Rangárallasýslu 3. september sl. hefur sóknaraðili farið þess á leit, að lagt verði lögbann við því, að Veidifélag Rangæinga eða stjórn þess geri nokkrar þær ráðstafanir, er bindi félagið í sambandi við útleigu á veiðisvæðum nr. 1-5, þ.e. þeim svæðum, er hlutafélagið Búfiskur, sem nú er gjaldþrota, hafi áður haft á leigu. Telur hann félaginu skylt að gera tiltekna ráðstafanir til að koma starfsemi sinni í betra horf, áður en til slíkrar útleigu komi. Sóknaraðili er félagsmaður í Veidifélagi Rangæinga vegna jarðanna Vallarhjáleigu og Bakkavallar í Hvolhreppi.

Þessi beiðni sóknaraðila var tekin fyrir í fógetarétti Rangárvalla-sýslu 6. september sl. að honum viðstöddum, og ákvað fógeti, að varnaraðila yrði tilkynnt um beiðnina og honum veittur hæfilegur frestur eftir ákvörðun réttarins til að hafa samband við lögmann og afla gagna. Málið var næst tekið fyrir hinn 16. september að sóknaraðila viðstöddum. Segir fógeti í athugasemdum sínum, að þá hafi átt að fara fram munnlegur málflutningur um beiðnina. Áður en til hans kom, krafði fógeti sóknaraðila um tryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir tjóni eða miska, sem varnaraðili gæti orðið fyrir vegna beiðinnar, svo og málskostnaði. Segir í fógetaþók, að sóknaraðili hafi talið tryggingu þessa of háa og krafist úrskurðar. Kvað fógeti þá samstundis upp svohljóðandi úrskurð: „Gerðarbeiðandi setji fram tryggingu að fjárhæð kr. 200.000, áður en mál þetta verður næst tekið fyrir.“

Í athugasemdum fógeta segir, að krafan um tryggingu hafi verið gerð með vísan til 12. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lög-bann, en jafnframt með tilliti til þess, að beiðnin sjálf gæti valdið tjóni eða miska. Hafi hann talið trygginguna mjög varlega ákveðna, þar sem miklir hagsmunir væru í húfi fyrir Veidifélag Rangæinga. Segir fógeti, að tveimur dögum fyrir þinghald þetta hafi sóknaraðili lagt fram aðra lögbannsbeiðni í þeim tilgangi að stöðva fund í Veidifélagi Rangæinga hinn 16. september með atbeina fógeta. Með tilliti til þess hafi úrskurður orðið að ganga í málinu, áður en fundurinn yrði haldinn, enda væru beiðnir þessar nátengdar. Hafi skilyrðið um tryggingu verið sett í ljósi þessa, enda hafi fógeta virst það vera tilætlun sóknaraðila að tefja lögbannsmál sitt nógu lengi til þess, að veidifélagið sæi sér ekki fært að taka ákvarðanir á umræddum fundi vegna málaferlanna.

Eftir að úrskurður fógeta var upp kveðinn, mætti Valgarður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður á dómþinginu fyrir hönd varnaraðila. Um þinghaldið segir svo í fógetaþók: „Aðspurður kveðst gerðarbeiðandi ekki sætta sig við umkrafða tryggingu vegna málskostnaðar og kveðst ekki munu leggja hana fram. Af hálfu gerðarþola er krafist málskostnaðar í málinu að mati réttarins vegna þess tíma og ferðalaga, sem í málið hefur farið. Fógeti tekur sér nú frest til að úrskurða um málskostnað. Þar sem umbeðin trygging hefur ekki verið lögð fram, er málið nú fellt niður. Gerðarbeiðandi mót-

mælir því, að málið sé felld niður, en telur, að því eigi að fresta, á meðan úrslit fáist í Hæstarétti á kæru uppkveðins úrskurðar fyrr í dag vegna tryggingar. Einnig er málskostnaðarkröfu mótmælt. Mál þetta er felld niður.“

Í athugasemdum fógeta segir, að ákvörðun hans um niðurfellingu málsins hafi ekki verið bókuð í formi úrskurðar, þar sem þess hafi ekki verið krafist. Hafi ákvörðunin aðeins sætt almennum mótmælum af hálfu sóknaraðila, þar sem hann hafi talið, að fógeti ætti að fresta málinu, þar til Hæstiréttur hefði fjallað um kæru af hans hendi á fyrrgreindum úrskurði um tryggingu. Þá kæru hafi sóknaraðili hins vegar ekki lagt fram að svo komnu, og þótt svo hefði orðið, hefði fógeti „ekki frestað málinu, enda væri það andstætt þeirri málsmeðferð, sem lögbannsmál venjulega sæta, þ.e. að reyna að fá niðurstöðu sem fyrst til að varna yfirvofandi réttarspjöllum“.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 27. gr. sömu laga, getur fógeti sett það skilyrði, þegar er beiðni um lögbann hefur verið honum í hendur fengin, að gerðarbeiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir bótum vegna tjóns og miska, er beiðnin kunni að valda þeim, er hún beinist að. Telja verður, að ákvörðun fógeta um tryggingu á þessu stigi máls geti sætt kæru til Hæstaréttar eftir ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, enda verður að líta á hana sem ráðstöfun til bráðabirgða fremur en þátt í efnislegri meðferð málsins.

Í máli þessu var úrskurður fógeta um tryggingu kveðinn upp, áður en varnaraðili hafði mætt fyrir réttinum eða nauðsyn tryggingar verið gagnert undir hann borin. Úrskurðurinn var án forsendna, eins og heimilt var, en úrskurðarorðið gefur til kynna, að um sé að ræða tryggingu fyrir frekari aðgerðum í málinu, er styðjist við ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 18/1949. Var sóknaraðila rétt að meta úrskurðinn þannig og áskilja sér færi á að kæra hann til Hæstaréttar, eins og hann gerði þá þegar. Bar fógeta að svo komnu að fresta aðgerðum í málinu.

Lögbannsbeiðni sóknaraðila varðar starfsemi fjölmenns félags, er fjallar um viðtæka hagsmuni. Í málinu er ekkert fram komið, er bendi til þess, að ákvörðun fógeta um tryggingu hafi ekki verið réttmæt, eins og á stóð, og ekki eru efni til að telja, að hann hafi ákvarðað trygginguna óþarflega háa.

Hinn kærði úrskurður um tryggingu vegna beiðninnar á því að vera óraskaður. Ber að ómerkja þá meðferð málsins, er á eftir fór, og leggja fyrir fógeta að veita sóknaraðila hæfilegan frest til að setja trygginguna.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 16. september 1991 um tryggingu af hálfu sóknaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, á að vera óraskaður. Ber fógeta að veita sóknaraðila kost á að setja trygginguna og taka beiðni hans til meðferðar að nýju, ef hún kemur fram.